

42. gr.

Fræðslustjóri kemur á og hefur umsjón með kennslufræðilegri þjónustu fyrir fræðsluumdæmið, bæði á sviði almennrar kennslu og sérkennslu.

IX. KAFLI Ýmis ákvæði.

43. gr.

Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir hversu háttað var tómstunda- og félagslífi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári.

44. gr.

Fræðslustjóri fylgist með skipulagi og framkvæmd heilsuverndar í grunnskólum í sínu umdæmi.

45. gr.

Vísi skólastjóri nemanda úr skóla um stundarsakir skal hann tafarlaust tilkynna fræðslustjóra þá ákvörðun og hvaða orsakir lágu til hennar. Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar samkvæmt 54. gr. grunnskólalaga í samræmi við reglugerð nr. 512/1975 um skólareglur o.fl. í grunnskóla.

46. gr.

Fræðslustjóri fylgist með störfum einkaskóla í umdæmi sínu skv. 75. gr. grunnskólalaga.

47. gr.

Fræðslustjóri semur árlega og sendir ráðuneytinu skýrslu um störf sín á liðnu ári.

48. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 84. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, sem breytt var með lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, öðlast gildi 1. febrúar 1990.

Menntamálaráðuneytið, 26. janúar 1990.

Svavar Gestsson.

Sólrún Jensdóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins,
nr. 430, 22. september 1989.**

VI. kafli, Niðurgreiðslur og sérstakur afsláttur, breytist og orðist svo:

NIÐURGREIÐSLUR OG AFSLÁTTUR

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niðurgreiðslna. Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og 56000 samkvæmt lið A5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C 1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 110 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,63 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,16 kr. á kWh.

Liður A 5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 153 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,45 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,11 kr. á kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,38 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,16 kr. á kWh.

Breyting þessi gildir frá og með 1. febrúar 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 30. janúar 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

Ferðasjóðs Félags íslenskra barnalækna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ferðasjóður íslenskra barnalækna. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru læknarnir Víkingur H. Arnórsson, Hvassaleiti 75, Reykjavík, Guðmundur K. Jónmundsson, Dalsbyggð 4, Garðabæ og Gestur I. Pálsson, Ljárskógum 5, Reykjavík, allir starfandi á Barnaspítla Hringins, Landspítalanum.

Sjóðurinn er stofnaður í framhaldi af þingi Barnalæknasambands Norðurlanda (Nordisk Pædiatrisk Forening – NPF) sem haldið var í Reykjavík í júní 1988.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auðvelda íslenskum barnalæknum þátttöku í norrænu samstarfi með því að veita fulltrúum þeirra ferðastyrki til að sækja stjórnarfundi í NPF eða aðra fundi sem haldnir eru á vegum samtakanna í einhverju hinna Norðurlandanna til eflingar félagslegum og faglegum samskiptum norrænna barnalækna.

Vöxtum og öðrum tekjum sjóðsins skal varið til slíkra styrkveitinga. Upphæð styrkja miðast við að ferðakostnaði hvers einstaks þátttakanda sé haldið í lágmarki.